



## Bæjarstjórn Blönduóssbæjar FUNDUR – 10. október 2006

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 5. fundar þriðjudaginn 10. október 2006 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33 (dómsal). Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá

1. Fundargerð bæjarráðs frá 14. september.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 3. október.
3. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 28. ágúst.
4. Fundargerð fræðslunefndar frá 13. september.
5. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 19. september.
6. Erindisbréf nefnda.

Forseti óskaði eftir því að upp yrði tekinn liðurinn “önnur mál”, fundurinn samþykkti það.

### Afgreiðslur:

1. Fundargerð 6. fundar bæjarráðs frá 14. september í 5 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umæðum loknum bar forseti fundargerðina upp, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
2. Fundargerð 7 fundar bæjarráðs frá 3. október í 10 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Valdimar Guðmannsson óskaði eftir því að bókað sé að hann situr hjá við afgreiðslu 3. liðar fundargerðarinnar. Fundargerðin þá borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
3. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 28. ágúst í 11 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
4. Fundargerð fræðslunefndar frá 13. september í 4 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Óskað var svohljóðandi bókunar.  
*“Varðandi lið 4 í fundargerðinni bendir bæjarstjórn nefndarmönnum á að skv. erindisbréfi fræðslunefndar sem liggur fyrir fundi bæjarstjórnar í dag, sbr. 11 kafla 4 gr. eru það yfirmenn málaflokka eða starfsmenn nefnda sem bera ábyrgð á því að samþykktum og ákvarðanatökum fræðslunefndar sé hrint í framkvæmd”.*  
Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
5. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 19. september í 2 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt samhljóða með 7 atkv.
6. Erindisbréf nefnda.  
Bæjarstjórn samþykkti erindisbréfin með 6 atkv. samhljóða, einn sat hjá.
7. Önnur mál.
  - a. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar í 3 liðum frá 9. október kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina upp, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

*Valgarður Hilmarsson (sign.)*  
*Héðinn Sigurðsson (sign.)*  
*Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)*  
*Valgerður Gísladóttir (sign.)*  
*Kári Kárason (sign.)*  
*Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Fundi slitið kl. 19:10.

*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*